

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um rannsóknir vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig var háttað ákvörðunum um val á rannsóknaraðilum við undirbúning Kárahnjúkavirkjunar og hvernig var verkferli rannsókna háttað í aðdraganda framkvæmdanna?
2. Hver var aðkoma Íslenskra orkurannsókna að rannsóknarvinnu vegna virkjunarinnar og þar áður rannsóknasviðs Orkustofnunar?
3. Hverjar hafa orðið helstu breytingar á fyrirkomulagi orkurannsókna í landinu eftir að rannsóknasvið Orkustofnunar var lagt niður og því breytt í Íslenskar orkurannsóknir?
4. Leitaði Landsvirkjun fulltingis sérmenntaðra mannvirkjafræðinga við undirbúning rannsókna vegna virkjunarinnar? Ef ekki, hvers vegna?
5. Voru notaðar VLF-mælingar við að finna vatnsleiðandi sprungur í berginu á jarðgangaleiðum og stíflustæðum virkjunarinnar, og voru gerðar skáborðar holur á þessum stöðum? Ef ekki, hvers vegna?
6. Voru gerðar mælingar á brotþoli eða fjaðureiginleikum bergsins við Kárahnjúkastíflu? Ef ekki, hvers vegna?
7. Voru færustu sérfræðingar landsins á sviði jarðhita og jarðeðlisfræði kallaðir til áður en bygging stíflumannvirkjanna hófst? Ef ekki, hvers vegna?
8. Hver er ábyrgð Landsvirkjunar gagnvart undirbúningi stórframkvæmda á borð við Kárahnjúkavirkjun komi í ljós að ekki hafi verið leitað til aðila með fjölbreytta sérþekkingu á lykilsviðum í hagnýtum jarðvísindarannsóknum?

Skriflegt svar óskast.